

**Nd.**

**767. Lög**

um viðauka við lög nr. 58, 14. júní 1929, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí).

**1. gr.**

Þegar Lundúnasamþykktin frá 31. maí 1929 verður staðfest af Íslands hálfu, skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setja reglur um byggingu og húnað þeirra skipa, sem samþykktin nær til, og gefa út eða láta gefa út þau skírteini, sem með þarf til þess að framfylgt verði ákvæðum hennar.

## 2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt að gera vægari kröfur heldur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt til skipa, sem eru íslensk eign eða voru í smíðum fyrir íslenskan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffærni skipsins, ferðbúnað þess né lífsöryggi manna. Eins verður að krefjast þess, að fullnægt verði samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstöku tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum.

## 3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu er heimilt að fela stjórn þeirra ríkja, sem staðfest hafa Lundúnasamþykktina frá 31. maí 1929 um öryggi mannlífa á sjónum, að framkvæma erlendis skoðun á íslenskum skipum, sem ofangreind Lundúnasamþykkt nær til, og gefa út haffæris- og heilsumerkjaskírteini fyrir þau.

## 4. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum téðrar Lundúnasamþykktar og annara alþjóðasamninga, ef samþykktir hafa verið, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út reglur um það, hvernig skip skuli skipað mönnum og hvernig verkum skuli hagað á skipinu. Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipinu, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingar og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð.

## 5. gr.

Þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í einhverju af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum, skal sú skoðun, sem fór fram á skipinu til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefir verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffærni og búnað skipa, og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.